

### Þarfagreining á þeirri þjónustu sem nú er í Húsinu, húsnæði í Staðarbergi

Í reglugerðum grunnskóla er gefið út að reikna skuli 8-10 fermetra á hvern einstakling auk hreinlætisaðstöðu. Má því ætla að t.d. starfsmannasvæði og slíkt sé þar fyrir utan. Sá hópur fatlaðs fólks sem hér er verið að greina þarfir fyrir er að mörgu leiti ólíkur þeim sem eru í grunnskólum. Sumir þola lítið áreiti og þurfa að geta lokað að sér eða þurfa jafnvel að komast afsíðis og fá að vera í frið og ró á meðan þeir jafna sig. Einnig er um eldri einstaklinga að ræða sem sumir hverjir notast við hjólastól eða önnur hjálpartæki. Aukinn fjöldi starfsmanna sinnir þessum hópi samanborið við grunnskólana. Það setur okkur í sérstöðu varðandi stærð og skipulag húsnæðis. Við reiknum því með a.m.k. 30 fermetrum á hvern notanda með hreinlætisaðstöðu og starfsmannarými.

Ætla má að Geitungarnir þurfi eru  $600 m^2$ .  
Vinaskjól/Verkherinn um  $600 m^2$   
Kvöldstarfið um 240 m<sup>2</sup>.

### Þarfagreining á húsnæði fyrir Geitungana.

Það rými sem Geitungarnir þurfa eru  $600 m^2$  í vinnurými og rými fyrir starfsfólk miðað við að þjónusta væri í 8 tíma á dag og í boði væru 20 rými.

Það sem þyrfti að vera í húsnæðinu ef vel ætti að vera:

- Nokkur almenn vinnusvæði.
  - Vinnustofur til að sinna nýsköpunarluta úrræðisins
  - T.d. Smíðastofa, saumastofa o.s.frv.
  - Fjölnota vinnusvæði með stólum og borðum.
  - Stofur þar sem skipulag, tæki og tól fá að vera óáreitt í lok dags.
- Rými með aðgengi að tölvum fyrir notendur.
- Fjölnotasalur.
  - Væri einnig hægt að nýta rýmið til fundarhalda og fræðslu fyrir hópinn.
- Kaffistofa/matsalur með aðgangi að eldhúsi.
- 3-4 salerni þar af a.m.k. eitt sem væri hreinlætisaðstaða með aðgengi fyrir alla.
- Aðstaða fyrir starfsfólk
  - með skrifstofu fyrir yfirmann.
  - tölvuaðstöðu fyrir starfsmann.
  - rými þar sem starfsfólk getur rætt saman í einrúmi.

Nú eru 13 einstaklingar skráðir í Geitungana og samkvæmt síðustu upplýsingum frá Vinnuálastofnun voru 1 til 4 á biðlista.

## Þarfagreining fyrir Vinaskjól (á veturna) og Verkherinn (á sumrin)

Það rými sem Vinaskjól/Verkherinn þarf á að halda eru um 600 m<sup>2</sup> í rými fyrir starfsseminna og starfsfólk ef miðað er við að boðið sé upp á að hámarki 20 rými.

Það sem þyrfti að vera í húsnæðinu ef vel ætti að vera:

- Almenn vinnurými til að:
  - púsla, perla, föndra, teikna og spila.
  - Þurfa ekki að vera ýkja stór.
  - Nokkur rými til að getað skipt hópnunum og minnkað áreiti.
- Rými með aðgengi að tölvum fyrir notendur.
- Sjónvarpsherbergi eða tölvuherbergi fyrir ps4.
- Notalegt afslöppunarherbergi
  - með púðum og dýnum þar sem einstaklingar geta náð sér niður og slakað á þegar illa liggur á þeim.
- Fjölnotasalur
  - Hægt að hlusta á tónlist, fara í pool, borðtennis og þess háttar.
- Kaffistofa, með aðgangi að eldhúsi.
- 3-4 salerni þar af a.m.k. eitt sem væri hreinlætisaðstaða með aðgengi fyrir alla.
- Aðstaða fyrir starfsfólk
  - með skrifstofu fyrir yfirmann.
  - tölvuaðstöðu fyrir starfsmann.
  - rými þar sem starfsfólk getur rætt saman í einrúmi.

Haustið 2017 eru 17 skráðir í Vinaskjól og einn á biðlista. Þeim fylgja 10 starfsmenn ásamt Verkefnastjóra.

Ef samnýta á húsnæði með Geitungunum þá eru einhver rými sem má samnýta/nýta til skiptis. En þó væri nauðsynlegt að húsnæðið biði upp á nokkra skiptingu á milli starfa.

## Þarfagreining fyrir Kvöldstarfið

Það rými sem Kvöldstarfið þarf á að halda er um 240 m<sup>2</sup> í rými fyrir starfsseminna. Þá er miðað er við að 20-50 séu að sækja starfið.

Það sem þarf fyrir kvöldstarfið er:

- Fjölnotasalur:
  - Með hljóðkerfi
  - Hægt að myrkra salinn eða dimma vel
  - Borðtennis/fótboltaspil
  - Skjávarpa/tjald – til að geta horft á íþróttaleiki eða bía
  - Þar sem halda má tónleika
  - salur fyrir hreyfingu
  - Þar sem fara má í leiki
- Tölvuherbergi sem hægt er að koma fyrir 2-4 tölvum með opnanlegum gluggum eða góðri loftræstingu

- Rými fyrir billjardborð
- Sjónvarpsherbergi
- Föndurherbergi
- Fundarherbergi eða aðstöðu þar sem 20-30 manns getur borðar saman eða fundað
- 2-4 Salerni, a.m.k. eitt með fyrir aðgengi hjólastól
- Eldhús
- Aðstaða fyrir starfsmenn með læstum skápum
- Miðsvæðis í bænum
- Hægt að hafa aðgengi að húsnæði fram að kvöld og ekki annað starf í húsnæðinu á sama tíma. Kvöldstarfið getur verið með tónleika eða annað sem getur skapað hávaða.
- Bílastæði fyrir ungmennin

### **Að lokum:**

Ef nýta ætti húsnæðið fyrir fleiri en eina einingu þarf að hafa í huga hvað og hve mikið má samnýta:

- a) Ef deila ætti húsnæði með Geitungunum og Vinaskjól má ætla að einhver rými má samnýta eða nýta til skiptis. En þó væri nauðsynlegt að húsnæðið biði upp á góða skiptingu á milli hópanna.  
Það mætti samnýta t.d.:
  - Hreinlætisaðstöðu að einhverju leiti
  - Starfsmannaaðstöðu
  - Kaffistofu/Matsal
- b) Vinaskjól og Kvöldstarfið geta nýtt sama húsnæðið. Þó er mikilvægt að rými sé til staðar svo það skipulag sem þarf að vera til staðar fyrir vinaskjól fái að vera í friði ef almennt ungmennastarf er í húsinu.
- c) Ef ætti að setja alla þessa starfsemi í sama húsið væri niðurstaðan sú sama og með Geitungana og Vinaskjól. Kvöldstarfið nýtir húsnæði Vinaskjóls á kvöldin.

Það er þó ekki markmið í sjálfu sér að hafa vinnustað bundinn við frístundatilboð.